

## Íbúaráð Vesturbæjar, 19 febrúar 2021 – Umsögn um Stefnu um framtíðarskipan tónlistarnáms í Reykjavík til 2030

Við fögnum mjög skýrslu stýrihóps um tónlistarstefnu Reykjavíkurborgar sem ber merki um faglega og metnaðarfulla sýn fyrir tónlistarlíf barna í Reykjavík, sem allir borgarbúar geta notið góðs af.

Við vonum að með þessum auknu áherslum og skýrleika í áherslum muni starfsumhverfi og möguleikar tónlistarfólks til þess að miðla og gefa af sér til komandi kynslóða aukast til muna og tónlistarlíf blómstra í borginni sem aldrei fyrr.

Við tökum einnig undir með stýrihópi að skoðaðar verði áfram leiðir til að efla öfluga tónmenntakennslu og tónlistarstarfs í almennri kennslu í grunnskólum en það var ekki verkefni stýrihópsins hér. („Stýrihópurinn hvetur til þess að staðan sé vandlega skoðuð og farið í aðgerðir til að efla tónmennt og tónlistarstarf í skóla- og frístundastarfi með grunnskólanemendum.“)

### Helstu ábendingar okkar varða:

1. Rými og aðstöðu til tónlistarflutnings, að fjallað sé betur um samkomurými og hátíðarsali. Tekið sé inn í myndina aðstaða til tónlistarflutnings, kórastarfs og samsöngs. Áhersla á æfingaaðstöðu er skýr en mætti skerpa á því að aðgengi til tónleikahalds sé einnig skoðað. (Dæmi um þar sem þetta brást er í nýbyggingu Vesturbæjarskóla þar sem ekki er hægt að flytja flýgil úr tónmenntastofunni yfir í hátíðarsalinn, ef hugað hefði verið að því að hafa tvöfalda dyr úr tónmenntastofunni væri þetta ekki vandamál. Þetta tengist skólamenningu. Annað dæmi er í Landakotsskóla þar sem skólinn hefur ekki aðstöðu til þess að hafa samsöng fyrir allan skólann og foreldra saman og erfitt er að finna aðstöðu í hverfinu til slíks. Þau fá aðgang að kirkjunni einu sinni á ári.)
2. Hljóðhönnun mætti fá meiri athygli, þannig að tekið sé tillit til ekki bara hljóðvistar en líka hljómburðar þar sem það á við. (Dæmi um þar sem þetta brást er einnig úr Vesturbæjarskóla þar sem matsalur er með góða hljóðvist en sami salur er notaður fyrir samsöng og hátíðir og hljóð berst ekki þannig að samsöngur nýtur sín ekki sem skyldi.)
3. Söngstarf er sérstaklega rætt víða í skýrslunni og við fögnum því. Hugmyndir um hverfakór og söngstarf þvert á stofnanir mætti fá meira pláss og jafnvel tengja við fjölmenningarstarf í hverfum. Einnig virðist vanta að taka fyrir samsöng í skólum sem getur haft mjög jákvæð áhrif á skólamenningu. Það gæti þó verið út af því að það fellur undir tónlistarstarf í almennri kennslu. Við veltum þó fyrir okkur hvort söngur mætti ekki fá sér kafla eins og skólahljómsveitir í skýrslunni og taka þar fyrir kórastarf og samsöng.
4. Gagnsæi varðandi umsóknir í skólahljómsteitir og tónlistarskóla. Að passað sé upp á að umsækjendur fái góðar upplýsingar um hvar umsókn þeirra stendur og hverjar líkurnar eru á að fá pláss fyrir nemandann.
5. Nýting á tónlistarstofum utan skólatíma fyrir aðrar stofnanir eða einkaðila sem kenna tónlist getur ýtt undir almennt tónlistarstarf og stuðlað að fjölbreytni. Mætti því fjalla enn betur um samnýtinu á húsnæði Reykjavíkurborgar eftir að grunnskóla lýkur til að ná betur heildstæðum degi fyrir tónlistarnemendur. t.d. að nemendur 1.-4. bekkjar fái tónlistarkennslu frá Tónlistarskóla inn í grunnskóla svo þeir þurfi ekki að fara yfir

stórar umferðagötur eða á milli skóla, frístundaheimila og tónlistarskóla. Ef Tónlistarskólar hafa viðeigandi húsnæði í sínum hverfjum mætti bjóða rými í grunnskólum til leigu fyrir tónlistarkennara sem eru með nemendur í einkakennslu. Leiga getur nýst við að viðhalda góðum hljóðfærakosti í grunnskólum.

Hér að neðan eru nokkrar tillögur um staði þar sem hægt væri að bæta þessum atriðum við:

### Tillaga 1

Í Áherslum um Grunnskóla og frístundastarf á bls 12 bæta inn á eftir „Fyrir hendi verði rými, hljóðfæri og tæki sem geri ungmennum kleift að rækta áhuga sinn og vinna verkefni á sviði tónlistar í vönduðu umhverfi.(M1)“ um rými/aðstöðu fyrir tónlistarflutning, kórustarf og samsöng, t.d.:

**Fyrir hendi verði rými eða aðgengi að rýmum sem henti fyrir tónlistarflutning, samsöng og samspil.**

### Tillaga 2

Í Áherslum um Samstarf stofnana mætti bæta við á eftir „Starfshópur verði settur af stað til að rýna aukna möguleika á samnýtingu húsnæðis á vegum borgarinnar vegna tónlistarnámsins, einkum grunnskólahúsnæðis.“:

- Rýna möguleika á samstarfi varðandi upptökur þar sem tónlistarflutningur og samsöngur kemur við sögu. (Dæmi: að skólahljómsveit spili á Vorhátíð, að kórstjóri leiði söng á Vorhátíð eða Þrettándahátíð innan hverfa).

Það er vissulega hvatt til samstarf annars staðar, en mætti ítreka hér, og þannig stuðla að hverfakór t.d. og öðru samstarfi milli stofnana sem vissulega á sér oft stað og er frábært.

### Tillaga 3

Í skýrslunni er talað um hljóðvist á þremur stöðum og hljóðhönnun, en hvergi er talað um hljómburð.

Til þess að stuðla að öflugum tónlistarviðburðum sem og samsöng þarf hátíðarsali með góðum hljómburði.

Væri hægt að gera úttekt á þessu með fagfólki og tillögur til umbóta þar sem það á við?

### Tillaga 4

Í Áherslum yfir samstarf stofnana mætti bæta við „kórum“ í fyrsta atriðið:

Hvatt er til aukins samstarfs á milli ólíkra stofnanagerða þ.e. tónlistarskóla og

skólahljómsveita og leikskóla, grunnskóla, frístundamiðstöðva, **kóra** og annarra starfsstaða á skóla og frístundasviði, auk menningarstofnana borgarinnar.

#### Tillaga 5

Okkur finnst kjörið að nýta tækifærið og skerpa á mikilvægi skólamenningar fyrir hverfamenningu.

Mætti bæta við fjórðu línunni í Framtíðarsýnina:

**Söngur og tónlistaruppákomur eru hluti af skólamenningu allra leik- og grunnskóla sem smitast út í hverfin og eflir þannig hverfamenningu og samkennd innan hverfa.**